



Eypór Valdimarsson bóndi, Ásgarði í Skaftárhreppi á uppgræðslusvæði sínu. Fjær eru nokkurra ára uppgræðslur en nær eru uppgræðslur í vinnslu.

Héraðssetur Landgræðslunnar og starfsmenn sem sinna BGL verkefnum:

Vesturland og Vestfirðir

Hvanneyri

Sunna Áskelsdóttir sunna@land.is 488-3047 / 664-9122

Norðurland-vestra

Sauðárkrókur

Bjarni Maronsson bjarni@land.is 488-3049 / 856-0235

Norðurland-eystra

Húsavík

Daði Lange Friðriksson dadi@land.is 464-1924 / 856-0239
Sigurðís Sveinbjörnsdóttir sigurdis@land.is 488-3044 / 856-0236

Austurland

Egilsstaðir

Rúnar Ingi Hjartarson runar@land.is 471-2121 / 856-0240

Suðurland

Gunnarsholt

Garðar Þorfinnsson gardar@land.is 488-3040 / 897-3025
Gústav Ásbjörnsson gustav@land.is 488-3039 / 896-1342
Sigþrúður Jónsdóttir sigthrudur@land.is 488-3027 / 856-0230
Magnús Þór Einarsson magnus.thor@land.is 488-3035 / 856-0237

Skrifstofa Landgræðslunnar Gunnarsholti 488 3000
Vefsíða landgræðslunnar www.land.is

BÆNDUR GRÆÐA LANDIÐ



Fréttabréf í janúar 2016 • Ábm. Sunna Áskelsdóttir • Landgræðsla ríkisins

Framkvæmd verkefnisins 2015



Sýni tekin úr BGL reit í Eystri-Leirargörðum, Leirársveit, þar sem framvinda birkis er hröð.


Samstarfsverkefnið „Bændur græða landið“ er öflugt uppgræðsluverkefni sem byggir á samstarfi Landgræðslunnar við bændur og landeigendur um allt land. Það þarf vart að tíunda að árangurinn er víðast mjög góður og fjölmargir hafa bætt lönd sín og breytt ógrónu landi í nothæft beutiland, búið það undir aðra landnotkun eða einfaldlega klætt land í töttrum með gróðurhulu sem sárlega skorti. Með gróðurþekju tekur kolefni að bindast í jarðveginum auk þess sem miðlun vatns og næringarefna batnar. Þess vegna er mikilvægt að verkefnið njóti krafta ykkar nú sem endranær.

Undanfarin ár hefur heldur dregið úr þátttöku í verkefninu. Líklegar skýringar eru hækkun á áburðarverði frá hinu svokallaða hruni, óvirkir þátttakendur falla sjálfkrafa út eftir ákveðinn tíma og eins hafa margir þátttakendur lokið verkefnum á sínum löndum. Á milli árána 2014 og 2015 var þó örlítil fjölgun. Í samræmi við lækkan áburðarverðs hjá helstu áburðarsölum lækkar endurgreiðsluupphæð til bænda nokkuð á milli árána 2015 og 2016 og verður í ár 56.500 kr á tonn.

Fjöldi þátttakenda eftir héraðssetrum árið 2015, magn áburðar og fræs

Héraðssetur	Fjöldi þáttt.	Virkir þátttakendur		Áburður		Fræs	
		Fjöldi	%	Magn (t) meðalt. á hvern þáttt.	meðalt. á	Magn (kg) meðalt. á hvern þáttt.	meðalt. á
Gunnarholt	122	107	87,7	181,2	1,7	1285	12,0
Hvanneyri	126	115	91,3	186	1,6	340	3,0
Sauðárkrókur	139	129	92,8	243,9	1,9	2120	16,4
Húsavík	109	98	89,9	262,6	2,7	3490	35,6
Egilsstaðir	70	58	82,9	104,5	1,8	815	14,1
Samtals	566	507	88,9	978,2	1,9	8050	16,2

Samanburður á þekju háplantna í tilraunareitum árin 2006 og 2014 í landi Steinsmýrar, sunnan Kirkjubæjarklausturs. Þar voru borin 240 kg á ha árin 2003 og 2004.



Tímasetning skiptir öllu máli

Þar sem vaxtartímabil gróðurs er afskaplega stutt á Íslandi er mikilvægt að nýta það sem allra best. Við uppgræðslu og í ræktun nytjajurta er því mikilvægt að koma frá og áburði á landið sem allra fyrst á vorin. Þetta þekkja bændur mjög vel úr sínum búskap, enda reynist sólarhringurinn oft ansi stuttur fyrir vorverkin. Starfsmenn Landgræðslunnar hafa nýlokið við langtímatilraun um notkun tilbúins áburðar í uppgræðslu þar sem áhrif mismunandi tímasetningar áburðargjafar á illa gróid land voru skoðuð. Borið var á landið í tvígang árin 2003 og 2004 á mismunandi tímum innan árs (maí til september).

Súluritið hér að ofan sýnir samband þekju háplantna (grös og blómplöntur) og áburðargjafar 2003 og 2004 á mismunandi tímum innan vaxtartímabilsins. Tilraunasvæðið, sem er á Suðausturlandi, er mjög sendið. Mælingarnar voru gerðar 2006 og 2014 og þær sýna hversu mikilvægt er að bera á snemma árs, en gróðurþekjan varð mest ef borið var á í maí (nálægt 25%), en minnkaði jafnt og þétt eftir því sem seinna var borið á. Þekja háplantna á viðmiðunarsvæði sem engan áburð fékk, var um 8%. Það er einnig mjög áhugavert að sjá að áhrif mismunandi meðferða árið 2014 eru mjög áþekkt.

Eiginleikar lífrænna áburðarefna

Lífræn áburðarefni

- hindra hreyfingu jarðvegs ss. sandfok
- losa næringarefni hægt og nýtast lengur
- einangra jarðveg og draga úr frostlyftingu
- minnka þurrkálav/bæta vatnsbúskap
- mynda hentug set fyrir sáðplöntur
- eru fyrirferðarmeiri en tilbúinn áburður
- eru með hærra rakainnihald

- falla ekki alltaf til þar sem mest þörf er á þeim
- Kostnaðarsamt að flytja og dreifa
- Getur verið vandasamara að dreifa
- Falla ekki endilega til þar sem mest þörf er á þeim
- Lyktarmengun getur fylgt
- Getur þurft að huga að sóttvörnum



Uppgræðsla með lífrænum áburðarefnum á Sólheimahjáleigu í Mýrdal. Fjar sést í eldri uppgræðslur.

Tilraunaverkefni með lífræn áburðarefni

Vorið 2015 óskaði Landgræðslan eftir þátttakendum í tilraunaverkefni með lífræn áburðarefni innan BGL. Valdír voru fimm aðilar til þátttöku með mjög spennandi verkefni sem verður gaman að fylgjast með áfram. Skilyrðin til þátttöku voru þau að fyrir hendi væri svæði minnst fjórir ha sem að möguleiki væri á að græða upp að fullu með lífrænum efnum á þremur til fimm árum, að svæðin væru ný, þ.e.a.s. ekki áframhaldandi aðgerðir á eldri BGL svæðum og þar væri hófleg eða engin

beit. Minni svæði komu til greina ef aðstæður þar voru sérlega erfiðar s.s. rofabörð. Í þessu verkefni var staðið að styrkveitingum á annan hátt. Greitt var fyrir hvern uppgræddan hektara (tæplega 40.000 kr.) en 1/3 styrksins greiddur þegar aðgerðir hefjast og aukaálag er greitt fyrir uppgræðslu rofabarða. Fyrirhugað er að taka inn fleiri þátttakendur 2016 og geta áhugasamir haft samband með því að senda tölvupóst á netfangið sunna@land.is eða í síma 488-3047.